VERKALÝÐS BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

3. Tbl. 4. Árg. 15. feb. - 1. mars 100 kr.

Október-búðin opin daglega

Októberbúðin að Óðinsgötu 30 verður framvegis opin eins og hér segir:
Mánudaga - föstudaga kl 5-7
og laugardaga kl 1-3.

8. mars - hreyfingin stofnuð !

Takið þátt í starfi SJÁ OPNU

-GERUM 8.MARS AÐ BARÁTTUDEGI!
-GERUM VERKALÝÐSFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM!
-DAGVISTARRÝMI FYRIR ÖLL BÖRN!
-FULLA ATVINNU - GEGN FJÖLDAUPPSÖGNUM!
-SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTT KVENNA TIL FÓSTUREYÐINGA!
-GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU!



Yfirlysing EIK(m-l) og Verkalýðsblaðsins

Segjum samningunum lausum strax

Einingarsamtök kommúnista-(m-l) og Verkalýðsblaðið mótmæla harðlega ósvífnum árásum atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra á kaup og kjör verkalýðs og alls vinnandi fólks í landinu. Stöðugar verðhækkanir, -gengissig og nú síðast gengisfelling eru liðir í stórfelldari kaupráni frá launafólki er hér hefur viðgengist um árabil og var kaupránið þó ekki lítið fyrir. Ljóst er að ætlun borgarastéttarinnar er að velta byrðum vaxandi kreppu auðvaldsins yfir á herðar vinnandi fólks en eins og EIK(m-l) hafa bent á áður, fyrirbyggja núgildandi kjarasamningar engan veginn jafnvel stóráhlaup auðvaldsins á kaup og kjör verkalýðs - þrátt tt fyrir margar fagrar yfirlýsingar forystuliðs ASÍ og BSRB

Forystumenn ASÍ, BSRB og foringjar hinna borgaralegu verkalýðsflokka, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, hafa margoft viðurkennt að einhver kjaraskerðing launafólks sé nauðsynleg (það heitir á þeirra máli að gera "nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum"). Nú sýna forystumenn ASÍ og BSRB ákveðna tilburði til andófs gegn kaupráninu og tala um óhjákvæmilegt samningsrof. Fyrir þessari afstöðu eru einkum þrjár ástæður: a) þrýstingur frá verkafólki sem vill ákveðið fara út í harða kjarabaráttu; b) kjaraskerðingaráform borgarastéttarinnar eru víðtækari en ASÍ og BSRB foringjarnir treysta sér til að verja gagnvart launafólki sem "þjóðhagslega nauðsynlegar"; c) tvennar kosningar eru að vori og borgaralegu verkalýðsflokkarnir sjá sér leik á borði að veiða rjómann ofan af mótmælaöldu verkafólks gegn kjaraskerðingunni og nýta sér til atkvæðaveiða í kosningunum. Von þeirra er að ríkisstjórnin muni liðast í sundur og segja af sér og þá muni renna upp nýtt "vinstri"-stjórnarskeið.

STEFNA EININGARSAMTAKANNA

EIK(m-l) skora á verkafólk að krefjast funda í fagfélögum sínum og berjast þar fyrir því að kjarasamningum verði sagt lausum þegar í stað. Jafnframt skuli kjósa í samninganefndir fyrir hvert félag eða sérgreinasamband, en hafna algerlega samfloti ASÍ-forystunnar í komandi kjarasamningum.

3. landsþing EIK(m-l)

Stofnum kommúniskan verkalýðsflokk fyrir 1980

SJÁ BLS. 3

Akureyri: RÆTT VIÐ FÓSTRU

Sjá opnu

Uppsagnir á Kirkjusandi

Þórunn vissi ekkert og gerði ekkert

Kauptryggingarsamningi 15-17 fastráðinna verkakvenna í frystihúsinu á Kirkjusandi í Reykjavík, sem er rekið af Sambandinu, hefur verið sagt upp og líkur benda til að allt starfsfólk á Kirkjusandi 120 - 130 manns, geti átt á hættu að missa vinnu sína um lengri eða skemmri tíma á næstunni. Er það sagt vegna "fjárhagsstöðu" fyrirtækisins, en m.a. á þennan hátt ýta atvinnurekendur undir opinberar aðgerðir til að halda óbreyttum eða auka gróða sinn, t.d. gengissig og gengisfellingu.

Verkalýðsblaðið, hafði samband við Þórunni Valdimarsdóttur, formann Verkakvennafélagsins Framsóknar, en einmitt félagar í Framsókn eru í meirihluta þess fólks sem nú býr við mjög óvisst atvinnuástand. Var Þórunn spurð um afstöðu Framsóknarfor-

Frh. á baksíðu

Styðjum uppbyggingu Verkalýðsblaðsins ! Söfnum milljón fyrir 1.maí giró 12200-9

Fáein orð til Stéttabaráttunnar:

Lýðskrum er eitt, barátta annað

Í 5. tbl. Stéttabaráttunnar, málgagns "Kommúnistaflokks Íslands/ML", skrifar einn af aðstandendum framboðstilraunarinnar gegn Dagsbrúnarforystunni á dögunum, Gunnar Hrafn Birgisson, mikla langloku um EIK(m-l) og framboðið, segir þau kalla þá sem ekki fylgja stefnu EIK(m-l) allt frá hentistefnumönnum til fasista og krefst þess að EIK(m-l) sanni í hverju skemmdarverk framboðsmanna í andstöðustarfinu gegn forystu Dagsbrúnar séu fólgin.

TIL HVERS FRAMBOÐ?

Framboð gegn stéttasamvinnumönnum í Dagsbrún hefur a.m.k. þríþættan tilgang.

a) Að herða, efla og skipuleggja andstöðuna og stéttabaráttusinnana í félaginu.

b) Að færa baráttuna af skipulagsstigi andstöðuliðs yfir á stig opinnar baráttu gegn forystunni og pólitískum flokkum hennar innan Dagsbrúnar.

c) Að skerða völd og áhrif stéttasamvinnuforystunnar.

Af þessu leiðir að kjarninn í stefnugrundvelli framboðs verður að hvíla á ljósri og opinni afstöðu gegn undirstöðu pólitískra, faglegra, efnahagslegra og þjóðfélagslegra valda forystunnar: Stéttasamvinnustefnunni. Tilraunir til þess að nýta eingöngu óánægju félaga og lýðræðisskort forystunnar fullnægja ekki fyrrgreindum tilgangi - eitt sér er slíkt lýðskrum. Þetta er alvarlegasta villa "KFÍ/ML" og framboðsmanna.

FORYSTA "KFÍ/ML" LIGGUR FLÖT FYRIR DAGSBRÚNARFORYSTUNNI.

GHB er hneykslaður á að EIK(m-l) kalli hann, Sigurð Jón Ólafsson og Benedikt Kristjánsson, meðreiðarsveina Dagsbrúnarforystunnar. Er þá nefnd seta þeirra tveggja síðarnefndu á Verkamannasambandsþingi. Allir sem vilja, vita að sætin tvö kostuðu friðaryfirlýsingu "KFÍ/ML" við Dagsbrúnarforystuna - þetta kallar GHB "málamiðlun".

Nú eru málamiðlanir oft nauðsynlegar og ekki forkastanlegar. En úr því þessi málamiðlun var nauðsynleg svo að "raddir verkalýðsins" heyrðust á þinginu, því greiddu þá fulltrúarnir tveir ekki atkvæði gegn ömurlegri kjaraályktun þingsins, sem meira að segja hrósar síðustu smánarsamningum?

Og gæti GHB og co ekki birt bréfið með "málamiðluninni" sem sent var Eðvarð og Guðmundi J.? Staðreyndin er sú, að "málamiðlun "KFÍ/ML" kostaði sem nam afsali allrar raunverulegrar baráttu gegn stéttasamvinnu á þinginu.

HVERJIR UNNU SKEMMDARVERK?

GHB skilur ekki mælt mál. Þeir sem að framboðinu stóðu og þeir sem studdu það eru ekki sami hópurinn. Aðstandendur framboðsins var lítill

Frh. á bls. 7

„Konur bera uppi hálfan himininn" (Maó)

Sjálfsákvörðunar réttur kvenna til fóstureyðinga

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna til fóstureyðinga er sjálfsögð krafa allra alþýðukvenna. Hvers vegna? Jú það eru konur sem ganga með börnin og fæða þau af sér og það eru einnig konur sem bera mesta ábyrgð á umönnun barna sinna og oft eru þær einar um þá ábyrgð. Þess vegna eru það konurnar sjálfar sem eiga að hafa fullan ákvörðunarrétt um það hvort þær vilji fæða börn í heiminn eður ei.

Engin nefnd lækna eða annarra á að ráðskast með þann rétt. Slíkar nefndir taka ákvarðanir út frá allt öðrum forsendum en hagsmunum kvennanna sjálfra, enda bera nefndirnar enga ábyrgð á uppeldi barnanna né heldur sjá til þess að mæðrunum sé gert kleift að annast sín börn. Slíkar nefndir eru skipaðar af afturhaldssömum stjórnvöldum sem nota hugmyndafræði sem byggist á kvennakúgun og kvenfyrirlitningu og er notuð til að halda konum sem 2.flokks þjóðfélagsþegnum. Það er ekki til sú alþýðukona, að hún hafi ekki fundið fyrir þeim ótal erfiðleikum sem fylgir barneignum og barnauppeldi í okkar þjóðfélagi. Tökum dæmi: Slæmt eða ekkert samband við barnsföður, - erfitt að fá vinnu og mjög lág laun fyrir mikla vinnu - vöntun á dagvistun fyrir börn - mjög slæm menntunarskilyrði - vöntun á fyrirbyggjandi fræðslu um getnaðarvarnir og barneignir - og svo mætti lengi telja. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að alþýðukonur óska eftir fóstureyðingum, ekki til að nota þær sem getnaðarvörn, heldur er fóstureyðing ávallt úrræði sem konur nota ekki að gamni sínu heldur í neyð, vegna þess að þær sjá ekki fram á að geta framfleytt barni sínu á sómasamlegan hátt. En hvað segir hin afturhaldssama hugmyndafræði auðvaldsþjóðfélagsins: "Svona konur ætti bara að gera ófrjóar" eða "Hún getur bara gefið barnið" og fleira í þeim dúr. En engin kona gefur barn sársaukalaust. Nei við konur í verkalýðsstétt viljum ekki framleiða börn fyrir borgarastéttina. Við viljum eiga okkar börn sjálfar, þess vegna berjumst við fyrir sjálfsákvörðunarrétti til fóstureyðinga og nægum dagvistarrýmum fyrir börn.

Eðli auðvaldsþjóðfélagsins gerir ekki ráð fyrir að aðstoða mæður við að sjá fyrir börnum sínum þegar þau eru komin í þennan heim og það er einmitt þess vegna sem konur geta ekki látið afturhaldssöm stjórnvöld ráða barneignum sínum. Aðeins konur sjálfar geta metið það hvort þær hafi aðstæður til að eignast börn. Og hugmyndafræði afturhaldsaflanna um hina blíðu ábyggjulausu móður verður ekki hlutskipti alþýðukvenna í auðvaldsþjóðfélaginu Íslandi.

Það er mjög mikilvægt að konur geri sér grein fyrir því að allir sleggjudómar gegn fóstureyðingum eru til að styrkja og byggja undir kúgun kvenna í þjóðfélaginu og til að fá konur til að trúa því að þær séu ekki færar um að meta aðstæður sínar sjálfar. Alþýðukonur verða að vera sér þess vel meðvitaðar að barátta fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga er mikilvægur hluti af baráttu launavinnufólks til að skipuleggja fjölskylduna út frá eigin óskum og baráttu kvenna til að ráða hvenær og hve oft þær vilji eignast börn.

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna til fóstureyðinga er ein af kröfunum í grundvelli 8.mars hreyfingarinnar. Í þessum dálki verður fram til 8.mars leitast við að skýra afstöðu EIK(m-l) til krafanna í grundvelli 8. mars hreyfingarinnar. Hafið samband við 8.mars hreyfinguna, sjá annars staðar í blaðinu.

Næg dagvistarými fyrir öll börn!

HVERS VEGNA STYÐUR EIK(m-l) KRÖFU 8.MARS HREYFINGARINNAR UM NÆG DAGVISTARRÝMI FYRIR ÖLL BÖRN?

Krafan um næga dagvistun er órjúfanlega tengd kröfunni um "fulla atvinnu". Í auðvaldsþjóðfélaginu er aldrei næg atvinna fyrir alla, það samræmist einfaldlega ekki framleiðsluháttum auðvaldsskipulagsins.

Atvinnurekendur sækjast eft eftir hámarksgróða og konurnar eru notaðar sem varavinnuafl til að svo megi verða. Þess vegna er það mjög hagstætt auðvaldinu að hafa svo fjölmennan hóp, konur, til fgripa þegar atvinnurekendum þóknast að færa út kvíarnar á þenslutímum, og geta sent þær heim þegar gróðinn er ekki lengur í hámarki og kreppan að aukast eins og nú er ástatt í fiskiðnaði. Eitt af tækjum auðvaldsins til að stjórna sókn kvenna út á vinnumarkaðinn er einmitt ástandið í dagvistunarmálum barna.

Í dag er ástandið þannig að aðeins börn forréttindahópa fá aðgang. Hér er ekki verið að vega að einstæðum mæðrum og stúdentum þótt þessir hópar sitji í fyrirrúmi um dagvistarrými, heldur er óviðunandi að giftar konur í verkalýðsstétt komi börnum sínum ekki á dagvistarstofnanir. En eins og allir vita eru laun verkamanns nú slík að þau nægja ekki til framfærslu fjölskyldunnar og konan verður því að fara út á vinnumarkaðinn af nauðsyn.

Fjöldinn allur af konum verður að nota aðrar leiðir til dagvistunar barna sinna meðan þær sækja vinnu. Dagmömmulausnin er einungis b bráðabirgðalausn. Við viljum ekki vanmeta störf dagmæðranna, þær eru einnig konur sem þurfa á atvinnu að halda.

Konur og karlar í verkalýðsstétt, sýnum samstöðu. Berjumst fyrir nægum dagvistarrýmum. Tökum þátt í starfi 8.mars hreyfingarinnar.

3. landsþing EIK(m-l)

Kveðjur til EIK (m-l)

III. landsþingi EIK(m-l) bárust margar góðar kveðjur frá marx-leníníska samtökum og flokkum víða um lönd. Verkalýðsblaðið mun birta útdrátt úr sumum þeirra nú, en meira síðar. Hér verður greint frá kveðjum frá MLR (marx-leníníska hópum í Finnlandi). Kommúnistaflokki Svíþjóðar (SKP) og OFML í Færeyjum:

MLR

"Marx-leníníska hópar Finnlands senda III.landsþingi EIK (m-l) innilegar baráttukveðjur. Við óskum ykkur áframhaldandi árangri í flokksbyggingunni, baráttunni fyrir þjóðlegu sjálfstæði og sósíalískri byltingu. Lifi marx-leníníska hugmyndafræði, kenningar Maos Tsetungs! MLR - Marx-leníníska hópar Finnlands!"

SKP

"Kommúnistaflokkur Svíþjóðar (SKP) sendir EIK(m-l) sínar bestu kveðjur í tilefni III. landsþingsins. SKP ber mikið traust til EIK(m-l) og réttrar meginstefnu samtakanna. Þróunin hefur sannað að áhrif EIK(m-l) meðal hins vinnandi fjölda á Íslandi aukast stöðugt. SKP getur margt lært af EIK(m-l) og baráttu þeirra fyrir að leiða íslenskt verkafólk í daglegri baráttu gegn ísl. einokunarauðvaldi, gegn ógnunum beggja risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, gagnvart þjóðlegu sjálfræði Íslands og stöðugt vaxandi stríðshættu...Tengsl EIK(m-l) og SKP eru náin og byggjast á alþjóðahyggju öreiganna. Þar ríkir baráttueining gegn heimsvaldastefnunni og sérstaklega gegn báðum risaveldunum, alþjóðlegu afturhaldi og nútímaendurskoðunarstefnu.

SKP óskar EIK(m-l) alls góðs og árangurs í baráttunni fyrir smíði kommúnistaflokks, í baráttunni fyrir sósíalískri byltingu."

OFML

Færeysku systursamtök EIK (m-l), OFML, sögðu m.a. í kveðju sinni:

"Við fögnum miklum og vaxandi árangri EIK(m-l) og erum sannfærð um að eftir landsþingið mun pólitískur styrkleiki ykkar vaxa ört - þökk sé réttri stefnu og forystu. Landsþingið mun áreiðanlega finna leiðir til að byggja kommúnistaflokka á Íslandi eftir skamman tíma.

Íslensk og færeysk alþýða hefur reynslu af baráttu gegn ágangi heimsvaldasinna. Lengi börðumst við og berjumst gegn dönsku heimsvaldastefnunni. Íslensk alþýða hefur háð réttláta og árangursríka baráttu gegn enskum heimsvaldasinnum..EIK (m-l) og OFML eru hnýtt sterkum og varanlegum böndum og tengsl okkar styrkjast mikið og meðvitað. Í æ ríkara mæli skulum við efla samstöðu á milli baráttufylkinga Færeyinga og Íslendinga. Þessi baráttueining á sér langa sögu. Færeysk verkföll hafa notið dyggs stuðnings frá Íslandi. Skipum veiðiþjófa sem rekin voru af Íslandsmiðum var mætt af fjölmenni í Færeyjum og þau neydd til að sigla aftur til hafs. Við skulum styrkja þessa gömlu baráttueiningu á milli bræðraþjóðanna og gera úr henni samfylkingu gegn öllum erlendum heimsvaldasinnum og innlendum skósveinum þeirra.

EIK(m-l) og OFML byggja á marx-leníníusmanum - kenningum Maos Tsetungs og stuðningi verkalýðsstéttarinnar og eiga sér því bjarta framtíð. Þó að fjandmenn okkar virðist risavaxnir, þá munu þeir í framtíðinni reynast pappírstígrar."

Félagsfundur í KÍM

Almennur félagsfundur í Kínversk-íslenska menningarfélaginu verður haldinn miðvikudagskvöldið 22.febr. n.k. á Hótel Esju. Á dagskrá eru:
1. Sagt frá för vináttusendinefndar KÍM til Kína í nóvember 1977. 2. Önnur mál.
Verkalýðsblaðið hvetur lesendur sína til að mæta á þennan fund. Þeir sem ekki hafa gerst félagar í KÍM, ættu að nota þetta tækifæri til þess. Einnig má geta þess hér að skrifstofa KÍM er að Hamrahlíð 17, Reykjavík, og er hún opin kl.14.oo til 17.oo á laugardögum.

Nýtt stéttarfélag

Á fjölmennum fundi þ.8.febr. sl. var stofnað nýtt stéttarfélag, - Samtök stundakennara við Háskóla Íslands. Fyrsta verkefni félagsins er að fá bætt úr því öryggisleysi og þeirri lélegu starfsaðstöðu, sem stundakennarar verða að þola, þótt þeir telji nú því nær helming allra kennara við Háskólann. Einnig er brýnt að bæta þau launakjör sem stundakennarar nú búa við. Félagið má ekki hika við að þeita hörðum aðgerðum í baráttu sinni við háskólayfirvöld og ríkisvaldið, s.s. vinnustöðvun, ef einhver von á að vera um varanlegan árangur. Verkalýðsblaðið fagnar stofnun félagsins og mun fylgjast náið með baráttu þess og flytja fréttir af henni.

gerist áskrifendur

Þessar síður (Nr. 3,4,5 og 6) eru ætlaðar til dreifingar í stóru upplagi. Ætlunin með þeim er að kynna Verkalýðsblaðið og niðurstöður 3. landsþings Einingarsamtaka kommúnista (m-l).

Takið þátt í uppbyggingu Verkalýðsblaðsins GERIST ÁSKRIFENDUR!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÖRÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!
Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

3. landsþing EIK(m-l)

Áskorun til alþýðu

Senn líður að því, að íslenskur verkalýður og önnur alþýða eignist á ný flokk, sem getur tekið upp það merki sem féll með Kommúnistaflokki Íslands á fjórða áratugnum. Frá því það gerðist, hefur saga íslenskrar verkalýðshreyfingar verið samfelld hnignunarsaga.

Sósíalistaflokkurinn þróaðist til opinnar stéttarsamvinnu og endurskoðunarstefnu. Flokkurinn hafnaði leið fjöldabaráttu og byltingar. Í þess stað var þingræðisleiðin, ásamt umbótum innan ramma auðvaldsskipulagsins, sett sem valkostur íslenskrar alþýðu. Flokkurinn tók þátt í ríkisstjórnum og vann ötullega að styrkingu íslenska auðvaldsins. Dæmi um það er nýsköpunarstjórnin. Smám saman varð sósíalismi flokksins að "opinberum rekstri", þ.e. koma átti á sósíalisma með sem mestri styrkingu ríkisvalds og sveitarstjórna, fyrirtæki áttu að vera ríkisrekin og alþýðan að reyna að koma sem flestum af "sínum" mönnum til áhrifa í hinu borgaralega ríkisvaldi.

Eftir að Alþýðubandalagið var stofnað sem flokkur 1968, hefur þessi stefna orðið æ ljósari. Auðvaldsþjónkunin heitir nú "íslensk atvinnustefna". Síðasta "vinstri" stjórn sannaði að Alþýðubandalagið þjónar oft betur hagsmunum auðherranna en hinir svokölluðu borgaralegu flokkar. Stéttasamvinnan kemst á sífellt hærra stig. "Verkalýðsforingjar" Alþýðubandalags og Alþýðuflokks styðja og standa jafnvel fyrir þeirri stefnu að lögbinda allt vald hreyfingarinnar í höndum "alsherjarsamtakanna", þ.e. stéttasamvinnuforkólfanna, sem síðan í samvinnu við samtök atvinnurekenda og ríkisvaldið semja um kaup og kjör eftir mati þjóðhagsstofnunar.

Baráttuheiðir íslensks verkalýðs og alþýðu hafa að mestu horfið. Leiðirnar sem Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn benda á eru þingið og dómstólarnir

Nauðsyn nýs og raunverulegs forystuflokks hefur því sjaldan verið jafn ljós og nú. Auðvaldið á í langvinnri kreppu - kreppu sem ekki leysist nema með afnámi þess. Byrðum þessarar kreppu veltir það yfir á herðar alþýðunnar. Dæmin eru þekkt: Gengisfelling, afnám vísitölubóta, kaupbinding,bann við verkföllum o.s.frv. Hinir svokölluðu "verkalýðsflokkar", Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur, flokkar endurbótastefnu og falsmarxisma, veita enga vörn.

"ÞRÍR HEIMAR"

Alþjóðlega má líta á heiminn sem þrískiptan. Risaveldin tvö sem nú berjast um heimsyfirráð, Bandaríkin og Sovétríkin, mynda fyrsta heiminn. Annan heiminn mynda smærri auðvalds- og heimsvaldaríki á borð við Kanada, Japan, Ástralíu og ýmis ríki Evrópu, þar á meðal Ísland. Þau einkennast af tvíbentri afstöðu, þau verða fyrir yfirgangi af hálfu risaveldanna um leið og þau kúga aðrar þjóðir og alþýðu eigin lands. Verkefni kommúnista og verkalýðs, ásamt

annarri alþýðu í ríkjum þessum taka til hinnar sósíalísku byltingar í eigin landi og samstöðu með þriðja heiminum gegn allri heimsvaldastefnu, og myndun alþjóðlegrar breiðfylkingar gegn risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Hin fáu sósíalísku ríki með alþýðulýðveldin Kína og Albaníu í broddi fylkingar, nýfrjáls ríki og nýlendur mynda þriðja heiminn. Sameiginlega og sem heild mynda undirokaðar þjóðir þriðja heimsins og alþýðan, undir forystu verkalýðsstéttar hvers lands, meginafl heimsbyltingarinnar nú á tímum.

Vaxandi stríðshætta kallar á Kommúnistaflokk. Risaveldin vígbúast af kappi. Sovéska auðvaldsríkið krefst áhrifa í samræmi við mátt sinn. Það er hlutverk kommúnistanna að undirbúa alþýðuna fyrir heimsstyrjöld þá, sem virðist óumflýjanleg. Við núverandi aðstæður er sú barátta fólgin í afhjúpun stríðshættunnar og risaveldanna og í samfylkingu gegn allri heimsvaldaásælni. Komi til innrásar verða kommúnistar að geta leitt alþýðuna í baráttunni gegn innrásaröflunum og snúið þeirri baráttu upp í baráttu fyrir sósíalisma og stéttarveldi verkalýðsins, alræði öreiganna.

Verkalýð og alþýðu allri er nauðsyn á kommúnískum flokki í vörn og sókn gegn auðvaldinu. Einingarsamtök kommúnista (marx-leníníistar) eru að byggja slíkan flokk.

Kommúnískur flokkur er ólíkur öðrum flokkum að gerð. Hann hefur eina sameiginlega fræðikenningu - hin marx-leníníska þjóðfélagsvísindi, sem beitt er á séraðstæður hvers lands. Hann hefur innan sinna vébanda stéttvísasta hluta verkalýðsins og er hluti hins vinnandi fjölda. Flokkurinn hefur engra hagsmuna að gæta annarra en verkalýðsins. Flokkurinn á sér langtíma og skammtíma stefnuskrá sem leiðsögn í baráttunni og hann berst staðfastlega gegn auðvaldinu og útsendurum þess innan verkalýðshreyfingarinnar.

SKILYRÐI KOMMÚNÍSKS FLOKKS

En kommúnískur flokkur sprettur ekki fram fullskapaður. Við stofnun hans þurfa þó ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Þau helstu eru:

- Marx-leníníminn þarf að vera til sem stefna við íslenskar aðstæður, stefnumótun í mikilvægustu málum séttabaráttunnar þarf að vera lokið. Við þessa stefnumótun fer fram hörð barátta við samtök og flokka "vinstri" og hægri endurskoðunarsinna. Því er það að samfara stefnumótuninni greina hin marx-leníníska samtök sig skýrt frá öðrum samtökum, hópum og flokkum.
- Þá verður kjarni samtakanna að vera stéttvíst verkafólk, og kommúnistar að hafa nokkurt lið innan stéttarfélaganna.

EIK(m-l) hafa tekið stórstígum framförum. Á fyrsta og öðru starfsári þeirra var mótuð grundvallarstefna hvað varðar íslenskan þjóðfélagsveruleik og stéttabaráttu. Eftir það jókst áróðursstarf verulega, stefnumótun hófst í einstökum málum og baráttan harðnaði við ýmis samtök endurskoðunarsinna, einkum "vinstri" róttæknihópinn "KFÍ/ML".

Innan samtakanna er traustur kjarni verkafólks sem fer

stækkandi og starf er hafið í stéttarfélögunum.

RÓTFESTA BER SAMTÖKIN Í VERKALÝÐSSTÉTTINNI

Mikilvægustu verkefni EIK(m-l) áður en til flokksstofnunar getur komið eru m.a. þessi:

Samtökin verða að styrkja betur þekkingu sína á íslenskum þjóðfélagsveruleik og almennum lögmálum stéttabaráttu. Stefnumótun verður að fara fram í mörgum málum og gera ítarlegri í öðrum. Enn eru það tiltölulega fáir sem aðgreina EIK(m-l) frá öðrum samtökum sem kalla sig kommúnísk. EIK(m-l) verða að sanna fyrir meiri fjölda, að þau eru trausts verð. Það verður einkum gert með staðfestu og auknum áróðri og starfi meðal fjöldans.

EIK(m-l) verða að afla fleiri félaga úr verkalýðsstétt fyrir flokksstofnun og vera a.m.k. búin að móta starfi sínu fastan farveg innan stéttarfélaganna og hafa lið stuðningsmanna og félaga skipulagt innan þeirra mikilvægustu.

Efla verður enn meira það stéttarlega fræðslustarf sem þegar er hafið á vegum samtakanna bæði í ræðu og riti, jafnframt því sem fjöldastefna í verki sýnir það og sannar fyrir verkalýð og alþýðu, að baráttan er árangurstryggust og af mestum heilindum háð, séu kommúnistar með í ráðum og í forystu.

FLOKKUR FYRIR 1980!

EIK(m-l) hafa sett sér mikið og erfitt verkefni. Kommúnískur flokkur sprettur ekki fram af sjálfu sér. EIK(m-l) þarfnast stuðnings og þátttöku alls framsækins verkafólks og alþýðu við að hrinda þessu verkefni í framkvæmd. Kommúnískur flokkur verður aldrei raunveruleiki án stuðnings og þátttöku verkafólksins. Nauðsyn flokksins er ljós, án hans verður barátta verkalýðs og alþýðu ekki leidd út úr þeim ógöngum, sem hún hefur lent í. III.landsþing EIK(m-l) hefur sett samtökunum það markmið að stofna þennan flokk fyrir árslok 1979. Besti stuðningurinn er auðvitað þátttaka í uppbyggingunni sjálfri, starf með EIK(m-l) - en hann getur einnig verið í öðru formi, s.s. stuðningur við og áróður fyir málgagni samtakanna, Verkalýðsblaðinu, þátttaka í fundum samtakanna og aðgerðum.

Takið þátt í uppbyggingu kommúnistaflokksins!
Starfið með EIK(m-l)!

III.landsþ. EIK(m-l)

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ARÐRÁNDUR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

3. landsþing EIK(m-l)

Ályktun um kosningar til Alþingis

Alþingi Íslendinga er hluti ríkisvaldsins. Hérlendis sem í öðrum ríkjum er ríkisvaldið óhjákvæmilega valdatæki einnar þjóðfélagsstéttar til þess að beita gegn öðrum stéttum. Auðstéttin (atvinnurekendur og starfsbræður) er ríkjandi stétt á Íslandi. Ríkið hefur orðið til m.a.í baráttu þessarar stéttar við verkalýð og aðra vinnandi alþýðu. Í núverandi mynd gegnir ríkisvaldið fyrst og fremst þörfum umræddrar yfirstéttar.

Verkalýðsstéttin getur ekki breytt fyrrnefndu eðli og hlutverki ríkisvaldsins með því að senda fulltrúa sína á þing og takmarka sig við þingræðisbaráttuna. Þingræði borgaralegs þjóðfélags er sniðið að lágmarkslýðræðiskröfum, en samtímis þannig að það veiti sem minnst svigrúm til raunverulegra og verulegra þjóðfélagsbreytinga. Slíkar breytingar og helstu framfarir verða fyrst og fremst til fyrir baráttu andstæðra stétta, aðallega auðstéttar og verkalýðsstéttar. Sú barátta fer fram hvarvetna, en þó að mestu utan þings eða annara stofnanna ríkisins. Breytir þar engu þó að framsæknar breytingar birtast að lokum oft sem ný lög þingsins eða tilskipanir. Hvort tveggja er þvingað fram í baráttu af framsæknum öflum.

Ríkisvaldið er andstæðingur verkalýðs og annar annarrar alþýðu, ásamt stéttinni sem því ræður - auðstéttinni. Skiptir hverfandi litlu máli hvaða stjórnmálaflokkar eiga fulltrúa í ríkisstjórn, enda ríkisvaldið langtum meira en hún ein. Á þingi og í ríkisstjórn, eða mörgum stofnunum ríkisins, er málum þannig fyrirkomið, ef á heildina er litið, að hagur auðvaldsins er ávallt á oddinum. Lög, reglur, stofnanir og starfshættir alls ríkisins og þingsins eru einmitt ákvarðaðir með slíkt fyrir augum.

Raunverulegur fulltrúi verkalýðs á borgaralegu þingi á það eitt erindi að afhjúpa gagnsleysi og eðli þessa þings og undirokunarhlutverk ríkisvaldsins og auðstéttarinnar.

AÐEINS KOMMÚNISTAFLOKKURINN ER VERKALÝÐSFLOKKUR

Ein helsta stoð borgaralegs lýðræðis eru kosningar til ráðgjafar- og löggjafarþings þess. Það eru aðallega ýmsir borgaralegir flokkar sem þar bítast á um eiginn hag. Kosningar eru þeirra ær og kýr - starf í baráttuskyni og baráttuskipulagning er engin utan kosninganna. Á fjögurra ára fresti að jafnaði gefst vinnandi fólki þannig kostur að velja um hvaða fulltrúar ríkisvaldsins skuli troða á því. Sósíalísku þjóðfélagi verður ekki komið á fót með því að beita fyrir verkalýðsstéttina borgaralegu ríkisvaldi eða Alþingi. Reynsla verklýðsstéttarinnar og valdastaða auðstéttarinnar kenna okkur að valdbylting verkalýðsstéttarinnar í bandalagi við aðra hluta vinnandi alþýðu, sé eina leiðin til sósíalismans.

Raunverulegur verkalýðsflokkur tekur þátt í kosningum nú til þess eins að afhjúpa eðli þeirra, til þess að kanna fylgi sitt og til þess að nýta kosningabaráttuna til áróðurs fyrir byltingarbaráttu, sósíalisma, kommúnisma og baráttustefnu í málum vinnandi fólks.

Það gerir hann annað hvort með framboði eða með því að hvetja kjósendur til þess að skila auðu og/eða ógildu atkvæði.

Þingflokkar á Íslandi eru nú fimm talsins. Löng reynsla er af setu þingmanna þeirra á þingi sem og af starfi flokkanna. Fylgi sitt fá þeir með því að vekja tálsýnir meðal kjósenda úr öllum stéttum þjóðfélagsins, veita fölsk loforð og lýsa fagurlega möguleikum þingsalabaráttunnar "með kjósendum".

Enginn flokkanna er raunverulegur verkalýðsflokkur, sem leggur höfuðáherslu á virka baráttu meðal og með fjöldanum og á þá enga hagsmuni aðra en hag verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu.

Frh. á bls. 5

HVERNIG HÖFUM VIÐ SAMBAND VIÐ 8.MARS HREYFINGUNA?

Á hinum fjölmenna stofnfundi 8.mars hreyfingarinnar, var kosin stjórn, fimm kvenna. Verkalýðsblaðið spjallaði við tvær þeirra: Árþóru Ágústdóttir sími:16753 og Sigrúnu H Þorgrímsdóttur sími: 42667. Þeir sem áhuga hafa á að taka á einhvern hátt þátt í starfi 8.mars hreyfingarinnar geta hringt í þessar tvær konur og fengið allar upplýsingar.

Vbl.: Hvernig verður undirbúningsstarfinu fyrir 8.mars háttað?

Árþóra og Sigrún: Settir voru á laggirnar á stofnfundinum, hópar á mörgum vinnustöðum og í skólum. t.d. Hjúkrunarskólanum, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Háskólanum, Kópavogshæli, Kleppsspítalanum, Borgarbókasafninu, hjá starfsstúlkum og fóstrum í Sumargjöf, á Landakoti, Hverfahópur í Hlíðunum og stöðugt bætast nýjir við.

Rætt við tvær bar

Tökum þá

starfi 8.

Vbl.: Í hverju er starf hópanna fólgið?

Árþóra og Sigrún.: Þeir ræða pólitískt innihald krafanna í grundvelli hreyfingarinnar.

Áróðurshópurinn, en það er einn af hópunum sem sér um heidarskipulagningu og rekstur hreyfingarinnar, undirbýr lesefni til notkunnar í hópunum.

Vbl.: Um hvað mun umræðan einkum snúast?

Árþóra og Sigrún.: I. Um kvennahreyfinguna á Íslandi til þessa. 2. Verkalýðshreyfinguna. 3. Dagvistunarmál. 4. Sjálfsákvörðunarrétt til fóstureyðinga. 5. Hvernig íslensk kvennahreyfing getur barist gegn heim

Gerum 8.mars að baráttudegi

8.mars- hreyfingin stofnuð !

Stofnfundur 8.mars-hreyfingarinnar var haldinn 1.febúar og voru um 8o manns á fundinum, sem einkenndist af mikilli baráttugleði og baráttuhug. Á fundinum ræddu konur úr svonefndum frumkvæðishóp að stofnfundinum um tildrög hans og hvað fælist í einu af kjörorðum fundarins: GERUM 8.MARS AÐ BARÁTTUDEGI! Aðalræðu fundarins flutti María Sveinsdóttir, hjúkrunarnemi, og sagði m.a. að undirbúningur fyrir baráttusamkomu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8.mars, væri fyrsta skrefið í að búa til öfluga baráttuhreyfingu kvenna á Íslandi. Hitt væri þó ljóst að allir dagar ársins væru baráttudagar, þó að 8.mars væri sögulega séð þeirra merkastur.

GERUM VERKALÝÐSFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM! er önnur krafa 8.mars hreyfingarinnar. María benti á að verkalýðsfélög sinntu ekki nægilega hinum ýmsu baráttumálum verkakvenna, en markmiðið væri að gera félögin að raunverulegum baráttutækjum verkalýðs bæði í kvennabaráttu og annarri baráttu.

SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTUR KVENNA TIL FÓSTUREYÐINGA! er einnig krafa sem hreyfingin setur fram, grundvallarkrafa í viðkvæmu baráttumáli sem á sér djúpar rætur í kvennahreyfingunni.

GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU - GEGN RISAVELDUNUM BANDARÍKJUNUM OG SOVÉTRÍKJUNUM! er krafa sem felur í sér alþjóðlega samstöðu kvenna og allrar alþýðu heimsins. Um þetta sagði María Sveinsdóttir: "Ég minntist á það áðan að þegar alþýðan um allan heim heyr mikla baráttu er samstaða og stuðningur mikilvægur. Við viljum leggja mikla áherslu á þennan alþjóðlega stuðning og samstöðu. 8.mars taka konur um allan heim upp baráttumerki. Það er barátta um allan heim. Við vitum um baráttu alþýðunnar í þriðja heiminum og við vitum að t.d. verður farið í kröfugöngur í Bandaríkjunum 8.mars. En í Sovétríkjunum er ekki farið í kröfugöngur, þar væri okkar fundur ekki framkvæmanlegur. Þetta segir okkur að sovésk alþýða verður að varpa af sér oki þessara fasísku drottnara í Kreml og hún mun vissulega gera það. Í allri þessari baráttu eru konurnar mikilvægt baráttuafl. Það hefur aldrei unnist barátta án mikilvægrar þátttöku kvenna og það vinnast aldrei stríð nema með þátttöku kvenna. Það verður að taka upp baráttu gegn allri heimsvaldastefnu og höfuðforkólfum heimsvaldastefnunnar í heiminum, sem eru risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin. Risaveldin tala um afvopnun og frið en þau vígbúast af kappi fyrir framan augun á öllum og það er aðeins að slá ryki í augun á fólki að þegja um þetta og taka ekki upp baráttu gegn stríðsundirbúningi risaveldanna".

"Rangt að

- segir Þórlaug

Ástand í dagvistarmálum barna er afar slæmt á Akureyri (líkt og örugglega má segja um ótal fleiri staði á landinu!). Nú hefur verið ákveðið að breyta reglum um dagvistun á dagvistunarstofnunum Akureyrarbæjar frá 1.apríl n.k. og eftir þann tíma er hámarksdvalartími barns þar 2 ár, með vissum undantekningum þó, t.d. hvað varðar börn svonefndra "forgangshópa", einstæðra foreldra og skólafólks. Er þetta gert til þess að koma á hreyfingu á yfirfullum dagvistarstofnunum á Akureyri, en hér er auðvitað síður en svo um að ræða raunverulegar úrbætur í dagvistarmálum, þrátt fyrir að breytingin hafi mælst þokkalega fyrir hjá foreldrum og starfsfólki. Umræður um dagvistarmál hafa verið blómlegar á Akureyri að undanförnu og

áttukonur

tt í undirbúnings-

mars hreyfingarinnar

heimsvaldastefnu.

Vbl.: Hvað er gert í því skini að stækka hreyfinguna og ná til sem flestra?

Árþóra og Sigrún: Einn af hópunum sem ekki er bundinn við ákveðinn vinnustað er Dreifingarhópurinn, sem skipuleggur dreifingu dreifirita, en allir hópar taka einnig þátt í henni. Í dreifiritunum verður hreyfingin kynnt og fólk hvatt til þátttöku, einkum kvennfólk. Við viljum eindregið hvetja Kvennfólk sem á illa heimangengt eða af einhverjum ástæðum treystir sér illa til að taka að fullu þátt í starfi hreyfingarinnar, að hafa samband við okkur, og taka merki í sölu handa gestum og gangandi og flestir ættu að geta skotist í nokkur næstu hús með dreifirit, part úr kvöldi.

Einnig eru fyrirhugaðir svokallaðir liðsfundir, þar sem öll hreyfingin hittist og ávallt nýjir liðsmenn velkomnir. Þessir fundir verða auglýstir í útvarpi og blöðum.

Vbl.: Hvað er fyrirhugað að gera sjálfan 8.mars?

Árþóra og Sigrún: Þá er fyrirhuguð baráttusamkoma um kvöldið með fjölbreyttri dagskrá, söng, ræðum og ýmsri skemmtan. Þeir sem áhuga hafa á framleiðslu skemmtiefnis mynda hóp sem hefur það höfuðverkefni að sjá um þá hlið málsins. Samkomustaður verður auglýstur síðar.

Vbl.: Eruð þið bjartsýnar á starfið?

Árþóra og Sigrún: Já, mikil ósköp, stofnfundurinn sýndi svo ekki verður um villst, mikinn áhuga og vilja allra sem þarna voru mættir til að berjast fyrir þessum kröfum. Við álítum að sá grundvöllur sem við byggjum starf okkar á eigi mikinn hljómgrunn hjá ísl. alþýðukonum.

Verkalýðsblaðið málgagn Einingarsamtaka kommúnista(m-l) hvetur alla lesendur sína til að taka þátt í og fylgjast með 8.mars starfinu.

GERUM 8.MARS AÐ ÁRLEGUM BARÁTTUDEGI KVENNA!

Loka orð ræðumanns voru á þessa leið:

"Við erum öll alþýðufólk-starfandi við margvísleg störf í skólum og við viljum öll starfa að kvennabaráttunni. Við í frumkvæðishópnum lítum svo á að í kvennabaráttunni verði konurnar sjálfar að hafa frumkvæði og forystu, en við viljum að karlar styðji baráttu okkar og taki þátt í henni. Barátta okkar beinist ekki gegn karlmönnum, við lítum ekki á þá sem fjendur okkar, heldur er allt alþýðufólk samherjar í þessari baráttu. Hún beinist gegn því þjóðskipulagi sem skipar konum þann sess, að vera tvöfallt undirokaðar, fyrst sem hluti undirokaðrar stéttar og sem kyn. Þetta verðum við að hafa í huga hvenær sem við leggjum upp í baráttu. Það má ekki fara svo að auðherrunum takist að sundra okkur þannig að verkakona standi gegn verkakarli, né heldur að körlum sé att gegn körlum og konum sé att gegn konum".

spara á kostnað barnanna“

Baldvinsdóttir fóstra á Akureyri

m.a. efndi Félagsmálaráð Akureyrar til ráðstefnu um dagvistarmál í janúar. Sóttu hana foreldrar, kennarar, fóstrur, dagmæður og fleiri. Verkalýðsblaðið hafði tal af Þórlaugu Baldvinsdóttur, fóstru og spurði hana frétta af ráðstefnunni.

- Það var auðvitað rætt um margvísleg efni, t.d. um það hvernig hugsanlega mætti reka dagvistarstofnanir á ódýrari hátt, svo sem með þátttöku foreldra í starfinu, ódýrara fæði o.fl. Einnig að hafa fleiri börn á hverri deild, þ.e. að gera ráð fyrir að daglega vanti 3 börn af einhverjum orsökum og hafa því 3 börn til viðbótar hámarkstölu til að nýta rýmið til fulls! Mér fannst flestar tillögurnar um ódýran rekstur vera á kostnað barnanna og því ekki spor í rétta átt.

- Einhverjar ákveðnar niðurstöður eða ákvarðanir teknar á ráðstefnunni?

- Starfsfólk Félagsmálastofnunar ætla að vinna úr niðurstöðum hópanna og væntanlega verður boðað til nýrrar ráðstefnu að því loknu. Mér finnst þetta starf nauðsynlegt og fróðlegt verður að sjá hvað út úr þessu kemur. Annars vil ég nefna, að mér fannst athyglisvert í umræðum á ráðstefnunni hve karlmenn voru virkir og einnig fólk sem ekki starfar beinlínis að uppeldismálum á Akureyri.

- Það er þá greinilegur vaxandi áhugi á dagvistarmálum í bænum?

DAGVISTARHEIMILI ERU NAUÐSYN

- Já, fólk er farið að gera sér betur grein fyrir að dagvistarheimili eru nauðsynleg á Akureyri. Í fyrsta lagi til þess að konur komist út á vinnumarkaðinn, í öðru lagi til þess að gefa börnunum kost á að umgangast önnur börn og gefa þeim færi á að gera ýmislegt sem þau ekki geta í heimahúsum, í flestum tilfellum. Í þriðja lagi eru "dagmæður" ekki nema bráðabirgðalausn og í mörgum tilvikum óhentug. Sama barnið getur verið hjá 3-4 dagmæðrum áður en það nær tveggja ára aldri. Slíkt er ekki æskilegt. Dagheimili og leikskólar eru betri kostir - ef á annað borð er val á slíkum kostum!

Fréttaritari á Akureyri.



43 ÁSKRIFTIR KOMNAR ALLS.

Mikið átak er eftir til að koma áskriftarsöfnuninni heilli í höfn. Allir velunnarar blaðsins eru hvattir til að leggja hönd á plóginn og stuðla þannig að nauðsynlegu efnahagslegu sjálfstæði Verkalýðsblaðsins.

Eftir góða byrjun hefur prentvélasöfnunin hægt á sér. Nú er söfnunin komin upp í 315 þús. kr. Það er því ljóst að til að tryggja örugga tilveru blaðsins og að 1 millj. safnist fyrir 1.maí verða félagar og vélunnarar blaðsins að leggja ennþá meira á sig við söfnunina. Safnið á föstum sölusvæðum á vinnustöðum og meðal vina og kunningja.

Gefið reglulega í prentsmiðjusöfnunina. Sendið peningana í Gíró 12200-9. Merkt Prentsöfnun eða greiðið til sölumanna Verkalýðsblaðsins. Verkalýðsblaðið þakkar jafnframt þann mikla suðning og rausnaleg framlög sem velunnarar hafa sýnt í þessari söfnun og væntir þess að sá stuðningur haldi áfram.

Ályktun

Frh. af bls. 4

Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Alþýðubandalagið boða allir "frelsi, jöfnuð og lýðræði" - en viðhalda allir í reynd núverandi kerfi stéttasamvinnu og arðráns.

Alþýðuflokkurinn og Samtök frjálslyndra og vinstri manna eru fátt annað en vasaútgáfur af "stóru" flokkunum.

Hugsanleg framboð utan þingflokkanna til hægri eða "vinstri" stafa af óánægju með þá, en tákna ekki aðra grundvallahagsmuni en þeirra. Þau munu byggja á trausti á þingræði auðvaldsins - á því að setja svart afturhald eða "róttæklinga" á þing til þess að koma málum fram og í höfn.

Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) - EIK(m-l) - vinna af afli og árangri að undirbúningi stofnunar nýs stjórnmálaflokks og forystuafls verkalýðs og alþýðu - kommúnistaflokksins.

EIK(m-l) hafa í ljósi þess sem að framan er sagt þá afstöðu að þeim beri að taka þátt í kosningum til Alþingis á vori komanda.

Tilgangurinn er sá að afhjúpa og vinna gegn stjórnkerfi og arðráni auðvaldsþjóðfélagsins. Samtímis hafa EIK(m-l) þá afstöðu að borgaralegt lýðræði sé skársta stjórnarform auðstéttarinnar. EIK(m-l) berjast ennfremur fyrir varðveislu lýðréttinda.

EIK(m-l) meta núverandi stöðu sína og kommúniskrar hreyfingar á Íslandi þannig að þau taka þátt í kosningunum án framboðs - þ.e. með því að vinna að því að fólk hundsi þær og skili auðu á kjördag að þessu sinni.

Helstu ástæður eru þær að samtökin skortir enn nægjanleg tengsl við verkafólk til framboðs, þau verða að nýta meginstyrk sinn til annarra starfa en kosningaþáttöku með framboði, framboð yrði í of fáum kjördæmum og loks hafa EIK(m-l) ekki afmarkast nógu skýrt á "vinstri" vængnum í augum fjöldans.

EIK(m-l) setja fram eftirtalin aðalkjörorð í kosningabaráttunni:

— Snúið baki við þingsalaflokkunum - skilið auðu í kosningunum!
— Fram til stéttabaráttu - takið þátt í smíði kommúnistaflokksins!
— Til baráttu fyrir sósíalísku Íslandi!

Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum!

Gegn erlendri ásælni - gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum!

III.landsþing EIK(m-l)

Landbúnaðarstefna auðvaldsins: Fjandsamleg smábændum og sjálfræði Íslands

Það er öllum kunnugt að bændur hafa að undanförnu komið saman og rætt kjör sín meira en dæmi eru um áður. Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, tjáði í sjónvarpi áhyggjur sínar af, að nú væri "byltingarástand" í hugum íslensk bændafólks. Frá bændafundunum hafa komið harðorðar yfirlýsingar.

Orsakir þess að bændur láta nú heyra í sér liggja ljóst fyrir. Þær eru auðvitað kröpp kjör og versnandi útlit fyrir þorra íslenskra bænda. Tilefni þess að falin óánægja sýður nú uppúr eru fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir ríkisins, ásamt stefnumörkun Stéttarsambands bænda í sambandi við "offramleiðslu" og útflutningsverð á landbúnaðarvörum. Í sambandi við aukinn útflutning á kjöti (og fl.) hefur Stéttarsambandsforystan gengist inn á stefnu ríkisvaldsins að bændur sjálfir skuli borga auknar útflutningsbætur á vöru sína (í formi verðjöfnunargjalds, "kvóta" í samræmi við bústærð, eða fóðurbætisskatts).

Orsakir aukins útflutnings liggja annars vegar í nokkurri framleiðsluaukningu vegna sívaxandi framleiðni og vélvæðingu í landbúnaðinum og hins vegar í nokkrum samdrætti í innlendum markaði fyrir landbúnaðarvörur.

Hvað eða hver á sök á þessari kreppu íslensks landbúnaðar? Er skýringin "of margir bændur" eða "eðlileg þróun landbúnaðar"?

MEINIÐ LIGGUR Í HAGKERFI AUÐVALDSINS!

Nei, fyrrgreindar tvær "skýringar" eiga ekki við rök að styðjast, þó að segja megi að vísu að þetta sé "eðlileg" kapítalísk þróun - og hún er fjandsamleg bændum.

Sökin liggur í hagstjórnun ríkisins á landbúnaðarmálum. Sú hagstjórnun er út frá hagsmunum einokunarauðvaldsins (fyrst og fremst Sambandsins) og tekur jafnframt mið af hagsmunum stórbænda.

- Framleiðsluaukning hefur aðallega gerst þannig, að hlaðið hefur verið undir stóru búin (meðal annars með opinberri stefnu í lán- og styrkveitingum til búskapar).
- Stöðug en vaxandi auglýsingaherferð samfara litlum tollum fyrir innfluttar vörur sem keppa við landbúnaðarvörurnar.
- Ríkið sinnir lítt því verkefni að styðja uppkomu innlendrar fóðurframleiðslu (t.d. grasmjöl) og fjölþættari framleiðslu á landbúnaðarvörum sem gæti stækkað markaðinn stórlega.

- Mjög er vanrækt upplýsingaþjónusta til bænda (t.d. rannsóknir varðandi framleiðslumöguleika, hagkvæmni í búrekstri o.s.frv.).

SMÁBÆNDUR FÉFLETTIR!

Stefnan, sem nú er fylgt í landbúnaðarmálum hlýtur að táknа mjög aukinn "niðurskurð" á smábændum sem að sjálfsögðu þola verst auknar álögur og óhagstætt verð. Íslenskir smá- og miðlungsbændur eru féflettir af ríkinu, bönkum og Sambandinu (inn á þetta atriði mun Verkalýðsblaðið koma síðar), en síðan er þeim lýst sem "styrkþegum" og "ómögum" sem þurfi að fækka! Eitt atriði varðandi "offramleiðslu" búvara er ótalið.

Lítill kaupmáttur launafólks er mikilvæg orsök fyrir sölutregðu á hinum hollu vinsælu, en dýru landbúnaðarvörum. Það sýnir þá samstöðu sem bændur eiga með launafólki í baráttunni.

Að lokum. Aðalatriði þessa máls eru skertir hagsmunir bænda sem snúast verður gegn. En hitt er þó afar mikilvægt í þessu máli, það er að landbúnaðarstefna einokunarauðvaldsins leiðir það af sér að Ísland verður æ minna sjálfbjarga um matvæli. Það er uggvænlegur hlutur í heimi þar sem kreppa dýpkar stöðugt og styrjaldarhætta vex.

Nokkrar af brýnustu kröfum varðandi landbúnað og landbúnaðarframleiðslu eru þessar:

AFNEMUM SÖLUSKATT AF - BÚVÖRUM!
AUKNAR NIÐURGREIÐSLUR Á BÚVÖRUM!
EKKERT VERÐJÖFNUNARGJALD AF SMÆRRI BÚUM!
EFLUM INNLENDA FÓÐURFRAMLEIÐSLU!
BÆNDAKONUM REIKNIST SAMA KAUP OG BÆNDUM!.

Gengisfelling:

Enn einu sinni hefur gengi íslensku krónunnar verið fellt. Staðhæft er að gengisfellingin eigi að bæta stöðu útgerðarinnar til þess sé hún gerð. En þetta er aðeins örlítið brot af sannleikanum. Íslensk útgerð er nú farin að lifa svo mjög á erlendum skuldum að gengisfelling er henni hreint ekki sú stoð sem staðhæft er, þótt auðvitað komi hún henni að gagni, einkum fyrir þá stærstu. Þeir sem hér er verið að "bjarga" er í rauninni allt íslenska auðvaldið. Tökum t.d. útflytjendur, sem græða mjög á þessu. Hverjir fá þar mestu hjálpina? - Jú, stærsta auðfyrirtækið á Íslandi og um leið stærsti útflytjandinn, SÍS, einokunarveldi Framsóknarflokksins. Önnur afleiðing gengisfellingar er stórfelld verðhækkun á innfluttum vörum. Sú verðhækkun eykur álagningu og gróða verslunarauðvaldsins. Og hverjir teljast til stærstu íslensku auðherranna á sviði viðskipta og verslunar? - Jú, meðal annars SÍS, það fróma einokunarfélag.

Iðnaðarauðherrar fá einnig sitt út úr þessu. Þótt hráefni þeirra hækki ekki í verði, geta þeir nú hækkað vöru sína í verði til útflutnings. Þeir sem framleiða úr erlendu hráefni fá aukna álagningu og selja vöru sína dýrar.

En hverjir eru það svo sem skaðast á gengisfellingu? Er það einhver hluti atvinnurekenda? - Nei því er fljótsvarað. Þeir sem skaðast á henni eru íslenskur verkalýður, allt almennt launafólk, sem lifir á því að selja auðherrum vinnuafl sitt. Ríkisvald auðstéttar mun sjá til þess að gengisfellingin bitni ekki á neinum hluta sinnar eigin stéttar. Til þess eru gerðar ýmsar "hliðarráðstafanir" og "tilfærslur". Verkafólk fær hins vegar ekki bættan sinn skaða.

Stórhækkað verð flestra vörutegunda og sívaxandi verðbólga á öllum sviðum sem óhjákvæmilega fylgir slíkum ráðstöfunum kemur verst niður á þeim sem minnst eiga og minnst bera úr býtum.

En hvað um vísitölutryggingu launa? - Jú, í fyrsta lagi kemur vísitalan ekki fram í launum ~~fyrr~~ fyrr en eftir á. Í öðru lagi má eða minnka niðurgreiðslurnar og taka vísitölubætur á launum úr sambandi. Íslenskt auðvald er í kreppu, því er ekki að leyna og það mun alltaf reyna að velta byrðum sinnar eigin kreppu yfir á verkalýð og ganga eins langt og því framast er unnt. Til þess mun auðvaldið njóta ríkulegrar aðstoðar bandamanna sinna í verkalýðshreyfingunni toppkrata og Alþýðubandalags. Verkafólk er ekki búið að gleyma því að það voru ráðherrar Alþýðubandalagsins sem tóku vísitöluna úr sambandi fyrstir allra, og gáfu þar með íhaldinu það fordæmi sem það hefur notfært sér!

Nei, verkafólk á aðeins um eitt að ræða í baráttunni gegn kjaraárásunum. Það er að berjast gegn stéttasamvinnuöflum verkalýðsforystunnar, mynda samfylkingu um sín brýnustu mál og fylkja sér um þau einu pólitísku samtök sem tala máli verkalýðs og berjast raunverulega fyrir hag hans og fyrir því að hann taki sér þau völd í þjóðfélaginu sem honum ber, Einingarsamtök kommúnista (marxlenínista).

Verkafólk - takið þátt í að byggja íslenskan kommúnistaflokk! Takið þátt í námshringjum EIK (m-l)!

Úrræði auðvalds í kreppu

búast við enn einni niðurgreiðsluhrinunni, sem aðeins frestar áföllunum á launafólk - lækkar vöruverð landbúnaðarvara, en hækkar skatta -. Og í þriðja lagi er orðið ljóst að ríkisvaldið mun þegar í vor aflétta



Myndir:

Verkamenn á höfninni í Reykjavík við vinnu sína. Nú er íslenskt auðvald í kreppu, og grípur til efnahagsráðstafana sem eiga að koma "þjóðarheildinni til góða" að eigin sögn. En sannleikurinn er sá að allar aðgerðir ríkisvaldsins miða að því að bjarga sinni eigin stétt - auðstéttinni- á kostnað launa-fólks. Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin berjist gegn kjaraárásunum, og stéttasamvinnuöflunum í sinni eigin forystu. Það er engin lausn að skipta um menn í ráðherrastólunum eins og verkalýðsforystan og Alþýðubandalagið boða.

Samtíningur

Einn sterkur

Ég rakst á þennan í útlendu blaði og fannst alveg tilvalið að senda ykkur hann:

- Það var þegar Krústjoff var nýkominn til valda. Blaðamenn Pravda voru ekki meira en svo hrifnir af nýja foringjanum. Einn daginn birtu þeir forsíðumynd af Krústjoff, þar sem hann var staddur í Pöllandi að skoða svínasamyrkjubú eitt veglegt. Á myndinni með Krússa voru nokkrir grísir. Í myndtexta blaðamanna stóð: "Krústjoff meðal vina í Pöllandi". Samdægurs bárust blaðinu harðorð mótmæli Flokksins, þar sem þess var krafist að myndatextinn yrði leiðréttur og afsökunar beðist. Daginn eftir gat að líta sömu myndina á forsíðu Pravda, en myndatextinn hljóðaði nú svo: "Við biðjumst innilega afsökunar á því að rangur myndatexti fylgdi þessari mynd í gær. Undir henni átti auðvitað að standa: Nikita Krústjoff, þriðji frá vinstri."

"Fréttaritari í Moskvu"

Október

Október tilkynnir breyttan opnunartíma. Framvegis verður verslunin Október að Óðinsgötu 3o Reykjavík opin alla virka daga frá kl. 5-7 og laugardaga frá 1-3.

Vorum að fá bókasendingu frá Norðurlöndunum með ýmsu athyglisverðu efni. Ber þar hæst fimmta bindi úrvalsrita Mao Tse-tungs á norsku. Auk þess mikið af efni um Sovétríkin, andheimsvaldabaráttuna og verkalýðsbaráttu. Sem dæmi má nefna:

Nils Holmberg: Fredelig kontrarevolusjon.
Revolusjonær opposisjon i Sovét: inniheldur efni og ályktanir frá hinni kommúnísku andstöðuhreyfingu í Sovétríkjunum.
Soldaten som ikke ville teie: Fjallar um Nato-æfingar í Noregi sem beint var gegn róttækum innlendum öflum. Birtir ýmis leyniskeyti frá æfingunni og sýnir fram á raunverulegt eðli og tilgang Nato.
Reis kampen blant arbeiderkvinnene: Fjallar um kvenfrelsisbaráttuna og sósíalismann og sýnir fram á nauðsyn þess að kvennabaráttan sé háð undir merkjum stéttabaráttunnar.

Jafnframt höfum við mikið úrval af verkum frumkvöðlanna, plötur og erlent sem innlent menningarefni. Síðast en ekki síst ber að nefna norsku metsölubókina Orions belte eftir John Michelet, en margir hafa spurt eftir þeirri bók.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ EIK(m-l) OG OKTÓBER FORLAGIÐ

EIK(m-l) Akureyri: Hafnarstræti 79. Opið: þriðjudaga kl. 5-7 og föstudaga kl. 4-6.

EIK(m-l) Reykjavík: Óðinsgötu 30. Opið: alla virka daga kl. 5-7, laugardaga kl. 1-3. sími 2921. — Pósthólf 5'86.

EIK(m-l) Kaupmannahöfn: Sigrún Ágústsdóttir, Öresundskóllegiet, J-102, Dalslandsgade 8, 2300 Köbenhavn S.

EIK(m-l) Oslo: Steinunn Hjartardóttir, Schultsgate 7, Oslo 3. Sími 694450, kl.5-8.30.

EIK(m-l) Uppsalir, Svíþjóð: Haraldur Arngrímsson, Flogstavägen 93 F, Uppsala.

.....

EIK(m-l) hefur gíróreikning nr. 12 200-9.

Á öllum þessum stöðum fæst einnig Verkalýðsblaðið og útgáfuefni Október-forlagsins og EIK(ml).

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

Afríska hornið:

Leiksoppur Sovétríkjanna

EPRP

Hinn byltingasinnaði flokkur etiopiskrar alþýðu var stofnaður árið 1972. Hann hefur á stefnu sinni að leiða nýlýðræðislega byltingu í Ethiópíu, og síðan sósíalíska byltingu.

EPRP hefur þegar hafið vopnaða baráttu gegn herforingjaklíkunni, og hefur að mestu frelsað 4 svæði í Ethiopíu.

MANNRÉTTINDI FÓTUM TROÐIN Í ETHIOPÍU

Í viðtali við fulltrúa EPRP sem birtist í norska blaðinu KLASSEKAMPEN, kemur fram að mannréttindi alþýðunnar eru vi virt að vettugi og í landinu ríkir ógnaröld fasismans. Herforingjaklíkan setur gjarnan upp hina rauðu grímu sósíalfasismans, en alþýðan lætur ekki blekkjast lengur. Klíkan komst til valda árið 1974, og naut þá stuðnings alþýðunnar í að kollvarpa veldi Haile Selssies keisara, gegn loforða um aukin mannréttindi. Strax eftir valdatökuna kom hið rétta andlit herforingjaklíkunnar í ljós. Öll fyrri loforð "gleymdust", og í sambandi við kröfuna um verkfallsrétt segir Mengistu að "nú þegar við höfum stofnað alþýðuríki þá þarf engan verkfallsrétt".

Atvinnuleysi í landinu er gífurlegt, fangelsin eru full af pólitískum föngum, fólk er skotið niður á götum úti í borgum, og ekki hirt um að hirða líkin. Þetta á að vera öðrum til viðvörunar. Í höfuðborginni Addis Abeba hafa verið drepin a.m.k. 5ooo manns síðast liðin tvö ár.

ÍSRAEL, KÚPA OG SOVÉTRÍKIN.

Ísraelsríki styður Ethiopíu hernaðarlega, og ætti það ekki að koma nokkrum á óvart. Síðustu mánuði hefur komið flugvél einu sinni í viku frá Ísrael til Asmara hlaðin hergögnum og varahlutum í bandarískar flugvélar og skriðdreka.



Antonov 22 flutningaflugvélin Sovéska er ein af þeim vélum sem notaðar eru í loftbrúnni til Ethiópíu. Hún hefur geisilegt flugþol og kemst með 45 tonna byrgði 1o95 mílna vegalengd, eða 5oo mílur með 8o tonn.

Í dag eru a.m.k. 45oo kúbanskir og sovéskir hermenn og ráðgjafar í Ethiopíu. Þeir eru þar til þess að aðstoða herforingjaklíkuna við að berja niður frelsishreyfingar Eritreu og V-Sómala, og einnig alla mótstöðu innanlands. Þá streymir stöðugt mikið magn af sovéskum hergögnum inn í landið.

SÓSÍALHEIMVALDASINNAR UNDIRBÚA STÓRSTYRJÖLD.

Það er ljóst af öllu að sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir standa að baki stríði Ethiopíuhers við V-Sómala í Ogadeneyðimörkinni annarsvegar og frelsishreyfingar Eritreu hins vegar. Stærsta loftbrú sem Sovétmenn hafa myndað síðan í Kúbu-stríðinu 1962 hefur nú verið komið á milli Sovétríkjanna og Ethiopíu. Hér er um að ræða öll þau nýtísku vopn sem Sovétmenn framleiða. Til þess að losna við margra mánaða tafsama þjálfun ethiopískra hermanna, hafa Sovétríkin sent fjölda kúbanska hermanna til landsins.

Hingað til hefur herforingjaklíkan í Ethiopíu ætið neitað því að kúbanskir og sovéskir hermenn væru í landinu, en nú á dögunum tóku V-Sómalar kúbanskan hermann til fanga í Ogaden. Sómalarnir leyfðu blaðamönnum að ræða við fangann, til þess að afsanna lygar herforingjaklíkunnar. Fanginn kvaðst hafa farið til Ethiopíu af frjálsum vilja því hann vildi "hjálpa sósíalisku landi". Hann kvaðst hafa komið beint frá Kúbu til Ethiopíu mánuði áður en hann var tekinn til fanga.

Það sem Sovétríkin eru nú að gera á Afríska horninu er að undirbúa stórstyrjöld, með það að markmiði að endurheimta sína fyrri stöðu á svæðinu sem þeir misstu er Sómalir ráku þá burt úr Sómalíu í nóvember síðastliðnum, og að brjóta á bak aftur frelsishreyfingarnar og treysta efnahagslega stöðu sína í Afríku.

Hundsið vörur frá Suður-Afríku og Ísrael

Allmikið hefur heyrst í fjölmiðlum að undanförnu að borist hafi kvikasilfurseitraðar JAFFA appelsínur til Evrópu frá Ísrael. Þetta var blásið út sem nýjar baráttuaðgerðir Palestínuaraba gegn Ísrael og að hópur Palestínuaraba hafi lýst sig ábyrga fyrir þessu.

Minna hefur hins vegar heyrst um það að Frelsishreyfing Palestínuaraba, PLO, hafi harðlega fordæmt þessar aðgerðir og lýst því yfir að sér vitandi væri ekki til neinn slíkur hópur. Enn fremur hafa mörg Arabaríki fordæmt þetta. Þetta hefur komið fram í fréttaskeyti palestínsku fréttastofunnar WAFA.

Það bendir því allt til þess að hér standi Ísraelsríki sjálft að baki og er þetta liður í að sverta baráttu Palestínuaraba gagnvart umheiminum. Aðgerðir sem þessar eru í samræmi við starfsaðferðir Ísraels og má í því sambandi nefna allar þær lygafregnir sem ísraelsk stjórnvöld hafa verið iðin við að útbreiða um Palestínuaraba, eins og t.d. það að skæruliðar hafi verið handteknir með sérstaka hnífa til að taka höfuðleður af fólki.

Þrátt fyrir þetta er rík ástæða til að skora á fólk að hundsa vörur frá sionistaríkinu Ísrael. Sama gildir um fasista ríkið Suður-Afríku og vörur þaðan. Hér sjást í búðum mjög gjarnan mikið magn af alls kyns niðursoðnum ávöxtum frá Suður-Afríku, og er fólk hvatt til að athuga hvaðan viðkomandi vörur eru komnar áður en það ákveður kaupin. Stjórnir margra landa, þar á meðal Noregs, hafa sambykkt slíka hundsun á Suður-Afrískum vörum.

Þótt sumum kunni að finnast fáránlegt að taka upp slíka vörukaupshundsun, þá hefur þetta mikið gildi sem siðferðilegur stuðningur við baráttu gegn viðkomandi ríkjum, í þessu tilfelli PAC í Azanía (S-Afríku) og PLO.

Chile: Vaxandi andstaða

Í desemberlok urðu harðir götubardagar í Santiago í Chile í marga daga. Andstæðingar Pinochets-fasistastjórnarinnar fóru mótmælagöngur um götur höfuðborgarinnar og hrópuðu slagorð gegn fasismanum. Hrópað var "Pinochet NEI" og "nei við þjóðaratkvæði". Á göngufólk var ráðist af herlögreglu fasistanna. Andstaðan gegn þessari þjóðaratkvæðagreiðslu er mikil í Chile, en harkalegum refsingum er beitt gegn þeim sem ekki kjósa. Allir atkvæðaseðlar eru númeraðir og því hægt að fylgjast með því hvað hver og einn gerir við atkvæði sitt. Stjórnarskrá Chile hefur hvergi að geyma lagabókstaf um svona þjóðaratkvæðagreiðslu, enda er hún algerlega úr höfði fasistanna og til að þjóna þeim.

Enginn má láta úrslit atkvæðagreiðslunnar gabba sig. Fasistastjórnin í Chile hefur í engu gefið eftir. EIK(m-l) hefur gott samband við baráttusinna og kommúnista í Chile og pólitíska flóttamenn frá landinu. EIK(m-l) styður Alþýðusamfylkinguna - Frente pueblo - og leiðandi flokk alþýðunnar í Chile í baráttunni gegn fasismanum og fyrir þjóðfrelsi og sósíalisma - PCR - Byltingarsinnaða kommúnistaflokkinn. Sú andstaða gegn fasismanum, sem nú er að vaxa fram verður að öflugri byltingarsinnaðri flóðbylgju, sem mun sópa fasismanum á brott. Styðjum andstöðuna gegn fasismanum í Chile. Styðjum Frente Pueblo.

FRÆÐSLUFUNDUR

EIK(M-L)

Sovétríkin í dag. Hvernig á að heyja baráttuna gegn Sovétríkjunum?

Prentaraheimilið, Hverfisgötu 21.

Laugardaginn 18.febrúar, kl. 15 oo

Lýðskrum

Frh. af bls. 2

hópur, aðallega 3-4 fél. úr "KFÍ/ML" - en margir (um 1oo manns) létu ginnast til að styðja það í von um einhvað skárra en núverandi stjórn.

Það eru aðstandendur framboðsins sem unnið hafa skemmdarverk, ekki hinir. Hafi óljóst orðalag gefið tilefni til að skilja þetta á annan veg, þá ber að gagnrýna það. En hvers vegna skemmdarverk? Jú, vegna þess að framboðið var mótframboð gegn vinnubrögðum forystunnar, ekki heildarstefnu hennar, vegna þess að framboðið efldi ekki baráttuþroska Dagsbrúnarfélaga og vegna þess að það hvatti ekki til orustu áður en liðið var skipulagt. Allar tilraunir Stéttabaráttunnar til þess að segja framboðið hafi verið "skref í rétta átt" eru þvættingur. Mótframboð í Dagsbrún 1972 byggðist á opnum stefnugrundvelli gegn stéttasamvinnunni, það gerði framboð Sigurðar Jóns og félaga ekki. "KFÍ/ML" tók því skref aftur á bak!

VINSTRI GRAUTURINN.

Árangur EIK(m-l) innan verkalýðsfélaga, iðnnemafélaga, í andheimsvaldabaráttu og kvennabaráttu fellur illa saman við uppspuna GHB um að samtökin merki alþýðufjöldann "hentistefnumenn og jafnvel fasista". Einkenni GHB og "KFÍ/ML" er hins vegar það að fallandi frægðarsól og vaxandi einangrun neyða þennan hóp út í stefnulaus hlaup með fjöldanum (allt stutt á öllum forsendum) og daður við "vinstri" hreyfinguna í einum graut. GHB er hneykslaður á árásum EIK(m-l) á "vinstri hreyfinguna", en hvað er nákvæmlega átt við?
Er það barátta EIK(m-l) gegn Fylkingunni, forystu Alþýðubandalagsins eða "KFÍ/ML" ?
Ef svo er, þá er hægt að upplýsa, að EIK(m-l) munu ekki gefa neinum krötum og falsmarxistum hvíld, en umhyggja GHB fyrir fyrrnefndum höfuðvígjum endurskoðunarstefnu og stéttasamvinnu er skiljanleg.

Að lokum. EIK(m-l) hafa sett sína stefnu í verkalýðsmálum fram í 55 síðna bæklingi "Gerum verkalýðshreyfinguna að baráttuhreyfingu Samkvæmt stefnunni vinna samtökin hægt en markvisst að skipulagningu raunverulegrar andstöðu í stéttarfélögunum. Bæklingurinn er seldur í afgreiðslu
Nánar segir frá opnunartímum á öðrum stað í blaðinu

Ólöglegt verkalýðsfélag í Moskvu

Fyrir skömmu var stofnað verkalýðsfélag í Moskvu, í andstöðu við hina opinberu verkalýðshreyfingu.

Þetta kom fram á óformlegum blaðamanna fundi með erlendum blaðamönnum í Moskvu. Kjarninn í þessu félagi er fólk sem hefur verið beitt miklum óréttri, og yfirleitt rekið frá vinnu fyrir það eitt að gagnrýna forystuna og gera athugasemdir við öryggismál o.fl. Aðaltalsmaður hópsins er Vladimir Klebanov 45 ára gamall fyrrverandi kolanámuverkamaður, sá hinn sami og greint var frá í síðasta tbl.af Vbl. þ.e. sem stóð fyrir ritun opins bréfs ásamt 37 öðrum um kúgun og óréttlæti sem sovéskt verkafólk er beitt.

Á fundinum lagði Klebanov fram lista með 1oo undirskriftum til stuðnings félaginu, en um2oo manns hafa lýst yfir vilja sínum til að gerast meðlimir félagsins.

Klebanov sagði að félagið myndi beita sér fyrir að vinna sér stuðning á landsmælikvarða og standa vörð um réttindi verkafólks um leið og það gerir opinbera alla þá kúgun og undirokun sem verkafólk í Sovétríkjunum þarf að þola í dag. Félagið er opið öllu verkafólki, faglærðu og ófaglærðu.

Forsvarsmenn félagsins vildu leggja áherslu á að andstaða þeirra, sem nú kemur upp á yfirborðið, ætti lítið sameiginlegt með hinum menntuðu svokölluðum andófsmönnum. Einn meðlimanna sagði að andófsmennirnir hefðu tilhneigingu til að líta á sjálfa sig sem eitthvað betra og fullkomnara en venjulegt verkafólk.

Ekki var talið að félagið fengi að starfa lengi óáreitt, enda hefur farið svo að fimm stofnfélaganna voru handteknir í Moskvu í byrjun febrúar. En þetta kemur ekki í veg fyrir að félagið haldi áfram að starfa, þegar óánægja verkafólksins hefur einu sinni náð saman í skipulögð samtök verður erfitt að stöðva andstöðuna.

Lifi þjóðfrelsisbaráttan í Azaniu!

Skólafólk í Soweto, útborg Jóhannesarborgar í Azaníu (Suður-Afríku) hefur verið mjög virkt í baráttunni gegn fasistastjórn Vorsters. Í júní 1972 var öllum skólum í Soweto lokað, og í stað þeirra komið á fót svokölluðum ættflokkaskólum eftir Bantustanmenntakerfi. Var hverjum skóla skylt að taka aðeins á móti nemendum úr einum ættflokki. Nemendur sem áður höfðu sótt blandaða skóla voru fluttir til þeirra skóla sem tóku á móti þeim ættflokk sem þeir tilheyrðu. Þetta var liður í aðskilnaðarstefnu Vorster-stjórnarinnar, sem miðar að sem mestri sundrungu meðal svarta meirihlutans, en ekkert óttast stjórnin meir en samtakamátt þeirra.

Árið 1976 risu nemendur skólanna í Soweto upp og mótmæltu þessu fyrirkomulagi með því að neita að mæta til kennslu. Mótmælum þessum var mætt með heiftarlegum árásum stjórnarinnar á óbreytta borgara, jafnt börn sem fullorðna. Í þessum átökum féll fjöldi fólks í valinn fyrir byssukúlum fasistanna. Þrátt fyrir það er baráttunni haldið áfram í dag, og er kennsla átti að hefjast eftir vetrarfrí, þann 1.feb. síðast liðinn neituðu nemendur í hinum svokölluðu miðskólum að mæta.

Þetta sýnir glögglega hve baráttan gegn fasistastjórn Vorsters er geysihörð, og þessi barátta þarfnast alls þess stuðnings sem ég og þú getum veitt. PAC stendur í broddi fylkingar og er hinn raunverulegi fulltrúi alþýðunnar í Azaníu.

STYÐJUM BARÁTTU PAC, SÖFNUM 100.000 FYRIR 1.MAÍ!

LIFI ÞJÓÐFRELSISBARÁTTAN Í AZANÍU!

100 þús handa PAC



VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÁRÓRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK (m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á gíró 12200-9

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1500
Til útlanda: kr. 4000
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30, Posthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsfundur AB 4. grein:
Eitt skref áfram og eitt skref afturábak.

Grein þessi er síðasti hluti greinaflokks um landsfund Alþýðubandalagsins og flokkinn. Hún fjallar um innviði AB, kosningamál og fl. 3. og næst síðasta greinin var í 2.tbl. og greindi afstöðu AB til herstöðvamálsins.

FORYSTAN-FJÖLDINN.

Mað Tsetung sagði eitt sinn, með langa reynslu að baki, að þegar stefnan væri mörkuð "væru hinir virku liðsmenn afgerandi þáttur".

Virkir liðsmenn AB eru fáir miðað við kosningafylgi flokksins, enda starfshættir eins og í hverjum öðrum borgaralegum flokki. Þessir flokksmenn eru flestir úr hópi kjörinna stjórnar-, nefndar- eða þingmanna. Flokkruinn treystir alls ekki á fjöldann, elur hann ekki upp, þjálfar hann ekki í baráttu - heldur þiggur af honum atkvæði. Þetta sést t.d. vel af miðstjórn kjörinni á landsfundinum. Þar sitja helst menntamenn og atvinnustjórnmálamenn, en fáir úr verkalýðsstétt og þá helst launaðir skrifstofumenn stéttarfélaga. Miðstjórnin lítur svona út (aðalstjórn):

- Þingmenn/varaþingmenn 8
- menntamenn 17
- starfsmenn ríkis eða bæja þar utan 4
- skrifstofufólk úr stéttarfél. 8
- annað (þ.á.m. nemar, blaðamenn o.fl.) 4

Milli forystu AB og fjöldans er í raun óbrúanlegt bil - lítil virkni felur það hins vegar að hluta.

SKIPULAGIÐ

Munurinn á skipulagi Alþýðubandalagsins og t.d. Sjálfstæðisflokksins er enginn sem máli skiptir. AB hefur trúlega yfir 2ooo skráða félaga - 9o% af þeim gerir fátt annað en lesa Þjóðviljann og kjósa flokkinn. Orsök þessa liggur ekki hjá þessu fólki nema að litlu leyti - hún er fólgin í grundvallarstefnu flokksins - kratískri þingræðisbaráttu og umbótum - og í afstöðu forystunnar. Forystan myndi hrjóta úr öllum sætunum í ríkisstofnunum, sjóðum, bönkum, fyrirtækjum og bitlingajötum ef fjöldavirkni, stéttarleg fræðsla og sameiginleg stefnumótun færi fram. Afleiðing skipulagsins er algjör skortur á baráttuhæfni AB og á baráttustefnu. Þetta sést vel nú þegar flokkurinn setur fram tillögur í efnahagsmálum. Margar þeirra eiga hljómgrunn meðal fjöldans - t.d. lækkun söluskatts. En hvers vegna ekki að skipuleggja utanþingsalabaráttu? Nei - AB setur fram tillögur, kjökrar svo yfir því hve auðvaldið er vont að vilja ekki hlusta á þær og "hinir flokkarnir" vondir að vilja ekki veita þeim stuðning svo sem á þingi. Síðan er klykkt út með beiðni um atkvæði og Geirsstjórnin á auðveldan leik.



KOSNINGARNAR

AB notar sér nú óspart óánægju verkafólks og annarar alþýðu með núverandi ríkisstjórn. Með því að falsa sannindi marxismans um að ríkisvaldið í heild (ekki bara ríkisstjórnir) sé tæki auðvaldsins til arðráns og undirokunnar er slíkt auðveldara en ella. AB segir að nóg sé að skipta um stjórn, þá sé hagsmunum alþýðunnar borgið. Flokkurinn mun búa til blöndu nothæfra og ónothæfra tillagna í helstu þjóðmálum og segja þær lið í "framkvæmd sósíalismans". Síðan er reynt að höfða til reynslu fólks af "vinstri" stjórnum og reynt að fela að AB hefur aldrei drifið áfram fjöldabaráttu þrátt fyrir stærð og fjölskrúðugan orðaforða. Án fjöldabaráttunnar eru loforðin eintómt lýðskrum.

Bæði AB og Alþýðuflokkur munu bæta við sig atkvæðamagni. En skiptir það máli? Þingmannatala Sósíalistaflokksins og AB er þessi frá 1942 - 1975: 6,1o, 1o,9,7,8,7,1o,9,1o,1o,11.

Hverju hefur þessi "árangur" áorkað hvað snertir baráttuhæfni, baráttustöðu og hag verk verkalýðshreyfingarinnar? Engu sem teljandi er . Því mun framboð AB til alþingiskosninga ekki varða alþýðu manna og rétt að greiða hvorki flokknum né öðrum núverandi flokkum atkvæði - heldur skila auðu að þessu sinni.

Uppsagnir á Kirkjusandi

Frh. af forsíðu

ystunnar til þessarar atlögu við atvinnurétt verkafólks á Kirkjusandi. Fátt var um svör hjá formanninum og kvaðst hún bara hafa verið að frétta af þessu fyrir hálftíma! (hringt var í hana mánudaginn 6.febrúar). Vildi hún engar yfirlýsingar gefa varðandi málið, en kvaðst ætla strax að hafa samband niður á Kirkjusand og biðja um skýringu á málinu. "Ég er ekki vön að láta hlunnfara konurnar mínar"! sagði Þórunn, en þegar þetta er skrifað (föstudaginn 13.febrúar), hefur enn ekkert heyrst frá henni! Ætli málið sé ekki bara það, að Þórunn réttlætir í orði og verki uppsagnir verkakvenna úr Framsókn, þegar auðvaldskreppan harðnar. Þetta er ekki eina dæmið. Sama gerðist t.d. þegar verkakonur á Barðanum í Kópavogi fengu uppsagnir. Framsóknarforystan sagði ekkert og gerði ekkert og sjálfsagt eru dæmin fleiri. Þórunn Valdimarsdóttir er enda hreint engin "verkakona" þó að hún sitji í formannssæti í Framsókn. Hún situr í bankaráði Alþýðubankans og í stjórn Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar, ásamt atvinnurekendum. Hún tekur þátt í samþykkt svikasamninga ASÍ-forystunnar og situr þar við háborð. Höfuðhlið stöðu hennar í þjóðfélaginu samkvæmt framansögðu er sú, að hún tilheyrir stéttarandstæðingi verklýðsins-borgarastéttinni. Það þýðir svo það, að hún og hennar stefna, stefna samvinnu og makks við atvinnurekendur, verður að víkja og verkakonur í Framsókn að endurvekja Framsókn sem raunverulegt baráttutæki sitt.

ÞÓRUNN Á EKKI HEIMA Í VERKALÝÐSFÉLAGI

Í víðara samhengi sýna uppsagnirnar á Kirkjusandi, hvort sem þær koma algerlega til framkvæmda eða ekki, að verkafólk býr við þann kost að geta misst atvinnu sína um leið og harðnar á dalnum hjá auðvaldinu - atvinnurekendum og ríkisvaldi þeirra. Íslenskt auðvald er í kreppu - auðvaldsheimurinn allur er í kreppu. Ætlið reynir borga borgarastéttin - auðvaldið - sömu leiðina út úr kreppunni: að koma henni yfir á herðar verkafólks. Það er gert með upp sögnum, stöðugum verðhækkunum o.s.frv. Fréttaritari.

Samtök herstöðvarandstæðinga í Kópavogi:
Krefjast harðari aðgerða gegn báðum risaveldunum

Í Samtökum herstöðvarandstæðinga (SHA) eru starfandi hverfahópar í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Starf þeirra hefur alla tíð verið ákaflega máttlaust, því að miðnefnd samtakanna hefur ekki gert neitt til að stuðla að öflugri starfsemi þeirra. Hún hefur litið á meðlimi hópanna sem vinnudýr því einu verkefnin sem hún hefur fengið þeim er dreifing á Dagfara og dreifiritum og svo sala á happadrættismiðum. Miðnefndin hefur síður en svo stuðlað að umræðum um eitt eða neitt innan hópanna.

Þann 31.janúar síðast liðin, var haldinn umræðufundur um starf og stefnu SHA, í Kópavogshópnum. Megnasta óánægja kom fram meðal fundarmanna með viljaleysi miðnefndar samtakanna á að halda hverfahópunum gangandi. Ekkert hafði heyrst frá miðnefnd fyrir utan skipun um sölu á happadrættismiðum í haust. Í raun ættu hverfahóparnir að vera sú eining samtakanna, þar sem umræða og ákvarðanatekt færi fram, en eins og þessu er nú háttað þá situr miðnefnd einangruð á fundum og tekur hinar og þessar ákvarðanir án nokkurrar undangenginnar umræðu í hópunum.

Fundarmenn lýstu einnig yfir óánægju sinni með þá loðnu afstöðu sem tekin er til heimsvaldastefnu Sovétríkjanna Var samþykkt ályktun þar sem heimtað er að tekin verði harðari afstaða gegn báðum risaveldunum, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum og heimsvaldastefnu þeirra.

Einnig var gerð samþykkt þar sem þess er krafist af ritstjóra Þjóðviljans að hann geri skýran greinarmun á starfsemi Alþýðubandalagsins og SHA, en eins og þeim er kunnugt, sem lesið hafa Þjóðviljann þá vill þetta oft ruglast saman.

Í lok fundarins voru síðan samdar starfsreglur fyrir hverfahópinn, þar sem kveðið er á um regluleg fundarhöld og aðgerðir í einhverri mynd í hvert skipti sem tækifæri gefast til.

Það má búast við öflugu starfi og miklum umræðum í Kópavogshópnum.

Síne-félagar:
Til baráttu gegn trotskismanum

Fyrir dyrum standa vorfundir deildanna í SÍNE - Sambandi íslenskra námsmanna erlendis - sem eru eins konar aðalfundir sambandsins. Þar eru greidd atkvæði um stefnu þess og kosin stjórn. Um sl. áramót yfirtóku trotskíistar stjórn SÍNE (með ólöglegum hætti, því að í ljós kom að tveir trottanna þriggja höfðu ekki tímt að greiða félagsgjöld sín til SÍNE og voru því ekki löglegir félagar), fyrst og fremst vegna þess að engir baráttusinnar voru í kjöri. Stefna trotskíista er stefna málamiðlunar við ríkisvaldið og klofningsstefna inn á við. Í einu orðinu setja þeir fram kröfur um "sósíalíska" baráttu námsmannahreyfingarinnar, en í hinu hvetja þeir til samninga við ríkisvaldið. Þeir ganga gegn einni brýnustu hagsmunakröfu námsfólks, kröfunni um að vísitölubinding námslána verði felld niður. Þeir vilja ýta kjaramálunum til hliðar til að geta snúið sér að sínum aðalhugðarefnum, "fagrýninni" svonefndu, þ.e. umhugsun um innihald náms og "faglegar vísindalegar leiðbeiningar" menntamanna fyrir verkalýð. Draumur þeirra er einhvers konar "bylting", þar sem verkalýður beri menntamenn til hásætis í dýrðarríki vitsmuna og þekkingar.

Baráttusinnar í SÍNE berjast gegn því að afvegaleiða námsmannabaráttuna frá hinum mikilvægu kjarakröfum. Þeir setja fram harða og afdráttarlausa baráttustefnu og hvetja til samfylkingar námsmanna um brýnustu kröfur sínar:

1. Burt með vísitölubindingu námslána!
2. Námslán nægi til framfærslu!
3. Fullt tillit til fjölskyldna og barna námsfólks!
4. Allir framhaldsskólar hafi sama rétt til námslána!

Nokkrir baráttusinnar í SÍNE hafa tekið frumkvæði að tilöguflutningi fyrir vorfundi um baráttuaðgerðir og höfnun á samningamakkinu. Þá hefur verið sett af stað undirskriftasöfnun innan SÍNE undir kröfuna Burt með vísitölubindingu námslána! Mikilvægt er að baráttusinnar gangi duglega fram í þessari undirskriftasöfnun, og ekki síður að þeir noti þetta tækifæri til að ræða alvarlega stofnun víðtækrar fjöldasamfylkingar námsmanna um mikilvægustu hagsmunakröfurna. Slíkt uppbyggingarstarf er að fara af stað hér heima, og sameinuð fjöldabarátta námsmanna heima og erlendis getur vissulega fært góðan árangur.

Baráttusinnuð stjórn SÍNE 1977 hóf útgáfu veglegs SÍNE-blaðs. Nú er það í höndum trotskíista...

Annað mikilvægt verkefni baráttusinna er að velta trottum úr stjórn SÍNE, þar sem þeir sitja í óþökk mikils meirihluta SÍNE. Því er mikilvægt að baráttusinnar gefi kost á sér í stjórnina.

SÍNE-félagar - stofnun samfylkingu um hagsmunamál okkargerum SÍNE að baráttutæki - berjumst gegn klofningsstefnu trotskíista!.

SÍNE-fréttaritari.

„Mannlegur harmleikur"

Eins og allir vita eru fjárdráttur og viðskiptasvik ekki glæpir í þeirra augum, heldur eðlileg blómstrun einkaframtaksins. Ef upp kemst er það slys og "mannlegur harmleikur". Albert Guðmundsson, helsti málsvari einkaauðvalds á Alþingi fletti heldur betur ofan af stétt sinni á dögunum er rætt var þar um Landsbankamálið. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að óþarft væri að framlengja gæsluvarðhald Hauks Heiðars, milljónaþjófs, þar sem hann hefði játað! Til að leggja áherslu á mál sitt rakti hann slæmar fjölskylduaðstæður þjófsins - óþarfi væri að auka meira á hinn mannlega harmleik en orðið væri!

Spurningin er - telur Albert þá ekki líka ónauðsynlegt að stinga í fangageymslur þeim ógæfumönnum sem brjótast inn í verslanir um nætur til að stela sér nokkrum þúsundum - ef þeir bara játa verknaðinn? Skyldu heimilisaðstæður þeirra ekki oft vera heldur bágbornari en aðstæður hins virta borgara sem hefur byggt sér hallir og hof í fjölda ára fyrir stolið fé?

Lesandi